



Trúnaðarmannaráðsfundur Sameykis Félagsmenn hjá Reykjavíkurborg, sveitafélögum o.fl.

21. nóvember 2024 kl. 13:15

Grettisgötu 89

1. Setning fundar – Ingibjörg Sif formaður

Ingibjörg Sif Sigríðardóttir formaður Sameykis setur fundinn og býður viðstadda í sal og á netinu velkomna. Því næst fer hún yfir stöðuna í kjarasamningsmálum og segir meðal annars frá nýjum samning við Faxaflóahafnir. Hún minnir á jólaball félagsins sem og stofnun ársins könnunina.

2. Kjaramál, veikindaréttur og persónuálag hjá Reykjavíkurborg – Kjaradeild

Sigdís Þóra Sigþórsdóttir starfsmaður kjaradeildar kynnir samantektir um persónuálag félagsmanna en það tók örlitlum breytingum í síðustu kjarasamningum sem halda áfram til ársins 2028. Hún fór yfir muninn á starfs og faggreynslu og tók svo við spurningum úr sal.

Sigdís fór því næst yfir samantekt um veikindarétt og fór meðal annars yfir það hvað væru greiðsluskyld réttindi og hlutaveikindi og tók svo við spurningum úr sal.

Spurt var um margt sem fram kom hjá Sigdís, meðal annars um starfsreynslu úr einkageiranum og hvernig og hvort hún sé metin til persónuálags og veikindaréttar. Rætt var um starfsaldursþrepinn og að það vantaði helst þrep fyrir ofan 12 árin þar sem margir væru með mun hærra starfsaldur en það. Mikið var rætt um hlutaveikindi og að þar sem það er bara heimildarákvæði fyrir yfirmenn og ekki réttur að þá getur verið erfitt fyrir starfsfólk sem er að koma aftur úr langtímoveikindum að fá að byrja rólega. Nefnd voru mjög mörg dæmi um það sem þessu hefur verið neitað af yfirmönnum. Rætt var um lausnarlaun, veikindarétt vegna aldraðra foreldra, ítrekuð veikindi og hvenær yfirmaður má krefjast veikindavottorðs. Veikindi fatlaðra barna og veikindi barna eldri en 13 ára.

Kaffihlé

3. Umræðuhópar – Hvaða áskoranir eru á ykkar vinnustað? - Jakobína Þórðardóttir- Félagsdeild

Eftir kaffihlé var fundargestum skipt upp í hópa þar sem umræður fóru fram í hverjum hóp fyrir sig um áskoranir á vinnustöðum. Umræður stóðu yfir í um 30 mínútur og að þeim lokum kynnti talsmaður hvers hóps helstu niðurstöður.

Einn hópurinn kallaði eftir meira og betra samstarfi við skrifstofu Sameykis í tengslum við starfsmannamál sem koma upp á velferðarsviði en erfiðlega hefur gengið að koma á samtali og

samtalsvettvangi sem þó var búið að tala um fyrir ári síðan. Jakobína svarar því að þetta verði tekið til skoðunar og fagnar svona athugasemdum um það sem má betur fara.

Upp kom hugmynd um að í svona vinnu myndi borga sig að skipta í hópa útfrá vinnustöðum en það krefðist meiri undirbúnings og greiningarvinnu.

Flestir fundargestir voru sammála um það að það mætti fara meiri tími í svona umræður og að 30 mín. hafi ekki verið nóg fyrir suma hópana.

4. Önnur mál

Ingibjörg Sif þakkar fyrir fundinn og opnar fyrir önnur mál. Jakobína minnir aftur á jólaballið og stofnun ársins könnunina, önnur mál voru ekki fleiri.

Fundi slitið 15:40